

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 393/1991. **Ívar Björnsson**

(Örn Höskuldsson hrl.) og

Þorleifur Björnsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Sparisjóði Hafnarfjarðar

(Valgarður Sigurðsson hrl.).

Áskorunarmál. Fjárnám. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandinn Ívar Björnsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. september 1991. Hann setur kröfur sínar þannig fram: Að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi, en til vara, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og því vísað heim til löglegrar meðferðar og hin áfrýjaða fjárnámsgerð úr gildi felld. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Þorleifur Björnsson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. október 1991. Hann krefst þess aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og jafnframt að staðfest verði fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 16. september 1991 hjá áfrýjanda Ívari Björnssyni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 23. þessa mánaðar var mál þetta flutt um fram komna ómerkingarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist þá stefndi þess, að ómerkingarkröfu áfrýjenda yrði hrundið. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Hafnarfjarðar sem áskorunarmál gegn áfrýjendum með stefnu, dagsettri 20. mars 1991. Í stefnunni segir m.a.: „Skuld þessi er skv. víxli að fjárhæð kr. 700.000, útg. 18/4 1990 af Ívari Björnssyni og samþykktum af Þorleifi Björnssyni til greiðslu við sýningu, ábektum af útgefanda. Víxillinn var sýndur til greiðslu hinn 20. febrúar sl. í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en var ekki greiddur; var víxillinn síðan afsagður hinn 28. febrúar sl.“

Málið var þingfest á bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. apríl 1991. Af hálfu stefndu var sótt þing, og fékk umboðsmaður þeirra frest með samþykki gagnaðila til ritunar greinargerðar til 30. apríl. Þann dag var aftur sótt þing af hálfu stefndu, sem fengu frest í sama skyni með samþykki gagnaðila til 7. maí. Er málið var tekið fyrir þann dag, lagði umboðsmaður stefndu fram kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur stefnanda og fór fram á það, að málinu yrði frestað um ótiltekinn tíma eða þangað til niðurstaða kærumálsins lægi fyrir. Lögmáður stefnanda mótmælti framlagningu kærunnar og synjaði um frekari frest. Við svo búið frestaði héraðsdómari málinu til 10. maí til munnlegs flutnings um, hvort frekari frestur yrði veittur. Þann dag fór fram munnlegur flutningur um ágreiningsefnið, og tók dómariinn málið til úrskurðar. Hinn 5. júní 1991 kvað héraðsdómari upp úrskurð, þar sem hann hafnaði kröfum stefndu um frest og tók málið til áritunar. Hinn 10. júní 1991 ritaði Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta í Hafnarfirði, svofellda áritun á stefnuna: „Þann 5. júní 1991 var af hálfu réttarins kveðinn upp úrskurður á þá leið, að hafnað var kröfu stefndu um, að þeim yrði veittur ótiltekinn frestur í máli þessu eða þar til niðurstaða kærumáls þeirra á hendur forsvarsmönnum stefnanda lægi fyrir, og í framhaldi var mál þetta tekið til áritunar.- Stefnukröfur máls þessa og kr. 102.000 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Hinn 30. júlí 1991 fór stefnandi í héraði þess á leit við yfirborgar-fógetann í Reykjavík, að gert yrði fjárnám í eignum Ívars Björnssonar til tryggingar dómkröfu samkvæmt framangreindri áskor-

unarstefnu. Hinn 16. september 1991 var gert fjárnám í eignarhluta Ívars í Efstasundi 44, Reykjavík. Áfrýjendur halda því fram, að þeir hafi þá fyrst fengið vitneskju um úrskurðinn.

Eins og lýst er hér að framan, mættu áfrýjendur við meðferð máls þessa í héraði, fengu fresti til ritunar greinargerðar og gáfu þar með til kynna, að þeir myndu halda uppi lögvörnum í málinu. Samkvæmt 194. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði bar héraðsdómara að tilkynna áfrýjendum, hvenær úrskurður um frestsbeiðnina yrði kveðinn upp. Hefði þeim þá gefist kostur á að skila greinargerð í því þinghaldi. Það gerði héraðsdómari ekki, og er því óhjákvæmilegt að ómerkja hina áfrýjuðu dómsathöfn svo og meðferð málsins frá og með þinghaldi 5. júní 1991 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn og meðferð málsins frá og með þinghaldi 5. júní 1991 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
